

Sp.

90. Tillaga til þingsályktunar

[74. mál]

um endurskoðun á reglum um verkefna- og tekjustofnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna.

Flm.: Karl Kristjánsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason,
Ásgeir Bjarnason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sex manna nefnd til að endurskoða núgildandi reglur um verkefnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna, svo og í því sambandi tekjustofnaskiptinguna, eins og hún nú er orðin milli þessara aðila.

Þingflokkarnir tilnefni fjóra nefndarmennina, — sinn manninn hver. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn manninn í nefndina. Ríkisstjórnin skipi sjötta manninn án tilefningar og verði hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skili álit og tillögum svo fljótt sem hún telur sig geta.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa orðið miklar breytingar á starfsemi þjóðfélagsins, jafnvel árlega. Yfir þessari þróun er síður en svo ástæða til að kvarta, af því að tilgangurinn með breytingunum er framfarir.

Þjóðfélagið er sífellt að fjölga verkefnum sínum í þágu þegna sinna og stækka þau.

Samfélagsverkefni, sem hér um ræðir, skiptast mörg og á ýmsan hátt milli ríkisheildarinnar og sveitarfélaganna að kostnaðarþunga og til umsjónar einnig. Alþingi hefur ákvörðunarvaldið um skiptinguna.

Hinum öru breytingum í þjóðfélaginu fylgir sú hættu, að hlutföll raskist milli eðlilegrar þátttöku þjóðfélagsheildarinnar og sveitarfélaganna í samfélagsmálunum. Þess er ekki alltaf gætt við lagasetningu, að sveitarfélögin, sem ekki hafa vald til að ákveða sér tekjustofna, verði ekki ofhlaðin skyldum miðað við rétt og aðstöðu til tekjuöflunar.

Nauðsynlegt er, að gerð sé við og við athugun á því, hvernig sakir standa í þessum efnunum, og lagfært það, sem úrskaiðis hefur farið í flaumi breytinganna. Vegið og metið, hvernig skiptingin er orðin og hvernig hún má vera eða væri heppilegust.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja áriðandi vegna sveitarfélaganna, að slík athugun fari fram nú þegar. Til þess að gera þá athugun álíta þeir rétt, að menn verði valdir af þeim aðilum, sem tillagan greinir.